

## **Fimmti fundur Delta - deildar starfsárið 2016 - 2017, haldinn í Ensku húsunum helgina 31. mars - 1. apríl 2017**

**Mættar:** Jónína Erna Arnardóttir, Gyða Bergþórsdóttir og Brynja Helgadóttir sem voru á föstudeginum og Guðlaug Sverrisdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir Sóleý Sigurþórsdóttir, Inga Stefánsdóttir og Ásta Egilsdóttir sem voru báða dagana.

**Forföll boðuðu:** Theódóra Þorsteinsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Þórunn Reykdal, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmisdóttir, Dagný Emilsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Kristín Thorlasius, og Ingibjörg Konráðsdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir.

### **Föstudagur 31. mars**

Fyrstu konur mættu í Ensku húsin um kl. 17 og hófu þær strax að undirbúa kvöldverð sem var skólastjórásúpa með kjúklingabitum og heimabökuðu brauði sem Sóleý lagði til. Um kl. 19 voru allar konur komnar í hús en þá skáluðum við í freyðivíni og snæddum kvöldverð. Að honum loknum var gengið til fundar.

### **Dagskrá fundar:**

1. Guðlaug setti fund og bauð félagskonur velkomnar. Sóleý kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Guðlaug minntist Helgu Gunnarsdóttur fyrrum félaga okkar en hún lést 27. mars síðastliðinn. Helga gekk í Delta Kappa Gamma þann 3. maí 1997 og var félagi til ársins 2015 þegar hún dró sig í hlé vegna veikinda sinna. Fjölskyldu Helgu voru færðar rauðar rósir með samúðarkveðju frá Deltadeild.
3. Guðlaug fór yfir mætingu á fundinn og Ásta las upp fundargerð fjórða fundar.
4. Sigrún gat þess að hún hefði sent Guðlaugu rökstuðning með tilnefningu Eyglóar Björnsdóttur til viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Guðlaug hefur komið tilnefningunni áfram til landsambandsstjórnar.
5. Hópvinna. Félagskonur unnu í fjórum þriggja manna hópum að eftirfarandi verkefnum (sjá niðurstöður í fylgiskjali 1):
  - a. Fjölgun í Deltadeild. Spurt var:
    - i. Viljum við fjölga félagskomum í Delta? Félagskonur skrifuðu undir samþykki.
    - ii. Hvaða geisla vantar í okkar hóp? Hugmyndir að nýjum félögum.
  - b. Viðmiðunarreglur fyrir Deltadeild. Farið var yfir tillögur nefndar um málið og athugasemdir gerðar. Einnig fylgdu viðmiðunarreglur Þetadeildar og hugleiðingar um uppástungu og inntöku nýrra félaga sem Sigrún setti saman.
  - c. Skemmtiatriði á Landsambandsþingi í maí næstkomandi. Leitað eftir hugmyndum að skemmtiatriðum sem Deltadeild gæti boðið upp á á þinginu.
  - d. Hugmyndabanki - 30 ára afmælið Deltadeildar á árinu. Leitað eftir tillögum að viðburðum í tilefni afmælisins, þ.e. hvenær höldum við upp á það, hvar og hvernig.  
Einnig var beðið um hugmyndir fyrir næsta starfsár, þ.e. þemu, erindi, fyrirlestrar, námskeið og fundarstaði.
6. Happprætti. Halldóra fékk vinninginn að þessu sinni.

7. Lagið mitt. Jónína Erna átti valið og var hún með tvö lög. Fyrri lagið, sem fjallaði um Hafnarfjallið, söng hún fyrir okkur en afi hennar Ásmundur Jónsson frá Holti í Borgarnesi samdi textann. Seinna lagið var Sofðu unga ástin mín sem við sungum saman.
8. Að söng loknum var fundi frestað til morguns en við tók kvöldstund með nærandi samræðum og gleðihlátri.

### **Laugardagur 1. apríl**

Dagurinn hófst um kl.08.00 með glæsilegu morgunverðarhlaðborði en að morgunverði loknum tók við sjálfstyrkingarnámskeið í umsjá Ingu Stefánsdóttur.

Inga ræddi meðal annars um hamingjuna og að hver og einn skapaði sér sína eigin hamingju. Bað hún okkur að hugleiða um stund hver fyrir sig hvað gerði okkur hamingjusamar. Inga sagði okkur frá bók sem hún las og fjallaði um tímann okkar og tímastjórnun. Þar kemur meðan annars fram að tíminn þýtur fram hjá okkur ef við erum ekki meðvituð um hann. Við erum sjaldan í núinu en ef okkur tekst það þá getum við lengt tímann okkar. Við þurfum að ýta á pásutakkann tvisvar til þrisvar á dag, hinkra við og hugleiða hvað við erum að gera, hlaða batteríin og læra að njóta þess tíma sem til að mynda tækni framfarir hafa sparað okkur í stað þess að hlaða sífellt meira á okkur. Því næst leiddi Inga okkur í gegnum slökun og að því loknu fórum við í 15 mínútna göngutúr þar sem hver kona gekk með sjálfri sér og hugleiddi.

Þegar inn kom hugleiddum við upplifun okkar af göngutúrnum og í kjölfarið spunnust umræður um þakklætið og mikilvægi þess að hafa alltaf eitthvað til að þakka fyrir.

Þá var komið að því að leyfa listagyðjunni í okkur að blómstra en Inga hafði sett pappír og litir á borð sem við notuðum til að tjá upplifun okkar af göngutúrnum. Að því loknu gáfum við myndverkum okkar nafn sem aðrir máttu ekki sjá og síðan gengum við á milli og gátum myndum hinna nafn, skrifuðum þau á litla miða og stungum undir myndirnar. Heitin notuðum við síðan í ljóðagerð sem við lásum upp í lokin ásamt því að kynna okkar myndverk. Upplifun okkar af náttúrunni og hughrif af samverunni í Ensku húsunum og af námskeiðinu komu skýrt fram í myndverkunum og ljóðunum en þau verða varðveitt á vef Deltadeildar (sjá fylgiskjal 2)

Að námskeiði loknu var léttur en glæsilegur hádegisverður og gengum við saddar og sælar til síðasta dagskrárliðsins sem var að ljúka fundi frá deginum áður.

### **Framhaldsdagskrá fundar**

1. Sigrún kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Guðlaug fór lauslega yfir niðurstöður hópvinunnar sem sendar verða til félagskvenna í tölvupósti þar sem hægt verður að ræða þær nánar.
  - a. Varðandi boðun nýrra félaga, þ.e. reglur okkar þar að lútandi og tillögur um nýja félaga var ákveðið var að við gætum rætt þær og samþykkt í tölvupósti fyrir haustið þannig að við gætum boðið nýjum konum á fundi strax í haust. Allar sem mættar voru á föstudeginum samþykktu að fjölga í deildinni.
  - b. Í umræðum um afmælisárið kom upp hugmynd um að gera skrá yfir félaga Deltadeildar frá upphafi. Elstu skjöl deildarinnar eru geymd í skjalasafninu á bókasafninu á Akranesi og nefndi Sigrún einnig inntökubók deildarinnar en athuga þarf hvar hún er niðurkomin. Guðlaug fól Halldóru að fara í gegnum skjölin á bókasafninu og finna þau nöfn sem þar leynast.

Ákveðið var að bjóða eldri félögum sem eru hættar í Deltadeild á hátíðarfund í tilefni afmælisins.

- c. Rætt var um að útbúa annál yfir starfsemi Deltadeildar frá upphafi og það Guðlaug þær Sigrúnu og Jónínu Eiríks að aðstoða við það. Sigrún benti á að fréttabréf DKG sem er að finna á Landsbókasafninu geymdu söguna og ætla þær stöllum að hittast þar yfir kaffibolla og gramsa í gögnunum.
- d. Í tengslum við umræðu um hugmyndir að starfsemi næsta starfsárs minnti Sigrún á mikilvægi þess að rifja reglulega upp markmið DKG og hafa þau að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku um starfsemina.
- e. Umræða spannst um 40 ára afmælisár landsambandsins og eru skiptar skoðanir um hvort það var 2015 eða nú í ár. Alfa deildin, sú fyrsta, var stofnuð 1975 og taka alþjóðasamtökin mið af því en samkvæmt lögnum verður samband ekki til fyrr en þriðja deildin er komin. Beta og Gamma deildir voru stofnaðar 1977 og vilja margar félagskonur DKG taka mið af því. Sagði Sigrún að landsambandsstjórn hefði á sínum tíma tekið ákvörðun um að fanga tímamótunum í þessi tvö ár.
- f. Þórunn er byrjuð að vinna að vef Deltadeildar. Hún er komin með fundargerðir starfsársins og Jónína Eiríks mun senda henni ljósmyndir.
- g. Ákveðið að Ásta sendi héðan í frá fundargerðir út til hópsins sem fyrst eftir hvern fund.
- h. Í umræðu um félagsgjaldið kom eftirfarandi fram:
  - i. Í reglum segir að sá sem greiðir hálf gjald sé óvirkur félagi og sem slíkur ekki boðaður á fundi. Ekki er hægt að fara fram hjá þessari reglu, annað hvort ertu í samtökunum eða ekki. Hins vegar mælir ekkert á móti því að bjóða fyrrverandi/óvirkum félagskonum á einn fund á ári.

Ræddum við um hvort við ættum að fella gjöld niður þegar konur eru komnar yfir ákveðinn aldur, t.d. yfir áttætt en þær gætu haldið áfram þátttöku í starfinu. Ekki komst niðurstaða í málið en þetta fyrirkomulag nær aðeins til einnar félagskonu DKG en það er Vigdís Finnbogadóttir heiðursfélagi DKG.
  - ii. Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi á greiðslu árgjaldsins og dreifa því á fyrstu sex mánuði ársins. Sóley mun ganga frá bankamálum og öðrum málum til að gera þetta kleift. Ásta sendir henni fundargerð síðasta aðalfundar sem gegnir hlutverkin í þessu ferli og stjórnin þarf að skrifa undir.
- i. Önnur mál. Sigrún benti okkur á að leiðrétta félagatalið. Jensína og Guðlaug ganga í það mál.
- j. Guðlaug færði Ingu rós um leið og hún þakkaði henni fyrir námskeiðið góða og sleit fundi að því loknu.

Almenn ánægja var með dagskrá og samveru helgarinnar og kom sú spurning hvort við gætum ekki gert þetta á hverju ári :)

Ásta Egils - Ritari Deltadeildar 2016 - 2017

## Niðurstöður hópvinnu á 5. fundi Delta - deildar sem haldinn var í Ensku húsunum helgina 31. mars - 1. apríl 2017

Fyrirkomulag hópvinunnar var með þeim hætti að við skiptum okkur í þriggja manna hópa sem fóru á milli fjögurra stöðva og unnum í 15 mínútur á hverri stöð.

### Vinnustöð 1 - Hvaða geisla vantar í okkar hóp? Hugmyndir að nýjum félögum.

| Atvinnu-, fræði-,<br>menningar-,menntagrein                         | Hver?                            | Hvaðan?                     |
|---------------------------------------------------------------------|----------------------------------|-----------------------------|
| Prestur                                                             | Elínborg Sturludóttir            | Stafholt                    |
| Verkefnastjóri hjá<br>Símenntun                                     | Hafdís Ásgeirsdóttir             | Akranes                     |
| Framkvæmdarstjóri<br>Símenntunar                                    | Inga <b>Dóra Halldórsdóttir</b>  | Borgarnes                   |
| Þroskajálfi                                                         | Ruth Jörgensdóttir<br>Rauterberg | Akranes                     |
| Lektor<br><b>Dósent og sviðsstjóri<br/>þróunar- og alþjóðasviðs</b> | Anna <b>Elísabet</b> Ólafsdóttir | Bifröst                     |
| Hjúkrunarfræðingur                                                  | Anna Baldrún                     | Borgarnes                   |
| <b>???</b>                                                          | <b>3 geislar</b>                 | Búðardalur                  |
| Dans-, öku- og grsk.ke.                                             | Karen Lind Ólafsdóttir           | Akranes                     |
| Aðstoðarrektor MB                                                   | Lilja Ólafsdóttir                | Borgarnes                   |
| Kennari                                                             | Íris Guðbjartsdóttir             | Dalirnir                    |
| Sviðsstjóri skóla- og<br>frístundasviðs                             | Valgerður Janusdóttir            | Akranes<br>Er í Lambdadeild |
| Sviðsstjóri velferðar- og<br>mannréttindasviðs                      | Svala Hreinsdóttir               | Akranes                     |
| Frístundafulltrúi hjá<br>Hvalfjarðarsveit                           | Ása Líndal Hjartardóttir         | Akranes                     |

Sú hugmynd kom fram að bjóða ungum konum á svæði Deltadeildar á fræðslufund um málefni sem höfðu til þeirra, sbr. málþing á Akureyri um nýliða í kennslu.

Hér var líka undirskriftarlisti **Viljum við fjölga félagskonum í Deltadeild?** sem við skrifuðum allar undir. Einnig fylgdi listi yfir menntun og störf Deltakvenna sem Guðlaug tók saman sem og listi yfir starfsheiti félagskvenna í öðrum deildum DKG.

### Vinnustöð 2 - Viðmiðunarreglur fyrir Deltadeild um boðun nýrra félaga í deildina.

Í 1. gr. (3. lagagrein) DKG segir:

C. Kosning félagskvenna:

Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa. Félagskonur í deild gera síðan tillögur um hvaða konum skal bjóða þátttöku í samræmi við reglur deildarinnar.

Deltadeild vill að konur komi úr ólíkum störfum í þjóðfélaginu sem láta sig varða margvísleg mál á sviði menningar-, fræðslu- og menntamála.

- Stjórnin ákveður út frá tillögum félagskvenna hverjar eru valdar til samþykktar.
- Væntanlegir félagar eru kynntir í tölvupósti og greitt atkvæði um þá leynilega í tölvupósti.

Athugasemdir um þennan lið:

- Er eingöngu framkvæmanlegt með ákveðnum netkönnunarforritum.
- Tölvupóstur verður aldrei leynilegur
- Umræða fer fram á fundi og leynileg kosning á næsta fundi. Þær sem ekki komast á fundinn geta sent sitt atkvæði í lokuðu umslagi.
- Haft er samband við konur sem koma til greina eftir kosningu og þeim boðið á tvo kynningarfundum.
- Ef konur þiggja boð um þátttöku þá fer inntökuathöfn fram eigi síðar en sex mánuðum (?) eftir kynningarfundum.

Athugasemdir um þennan lið:

- Ef konur þiggja boð um þátttöku fer inntaka fram á næsta vorfundi/aðalfundi að loknu kynningarferli. Sjá einnig lið hér neðar um inntöku ...
- Meðstjórnandi er "mentor" nýrra félaga, fylgir þeim eftir, styður og styrkir.
- Stefnt skal að því að tvær félagskonur séu undir þrítugu.

Athugasemdir um þennan lið:

- Miða frekar við 40 árin en ekki hafna hinu.
- Inntökufundur. Hver ný kona greiðir ákveðið inntökugjald. Innifalið í því er næla félagsins, félagsskjal og rós.

Athugasemdir um þennan lið:

- Innifalið í inntökugjaldi er næla félagsins. Landsambandi greiðir fyrir félagsskjalið en deildin fyrir rósina.
- Leitast skal við að fá féлага af öllu svæði deildarinnar.  
**Kom ekki upp umræða hér um að skipta þyrfti svæðinu upp og stofna nýja deild fyrir Snæfellsnesið, Dalina, Reykhólasveitina og jafnvel suðurfirðina að Tálknafirði???**
- Stefnt skal að inntöku nýrra félaga á jólafundum.  
Sjá athugasemd hér ofar um inntökuathöfn ...
- Stjórnin getur skipað í nefnd til að finna nýja féлага og standa að inntöku þeirra.

Hér fylgdu einnig:

- Hugleiðingar um uppástungur og inntöku nýrra félaga sem Sigrún setti saman.
- Dæmi um inntöku nýrra félaga - frá Þetadeild.

### Vinnustöð 3 - Hugmyndir að skemmtiatriðum á landsambandsþingi

- Theodóra söngur-spurning um undirleik.
- Leika bókartitla – 2 lið – við veljum titlana.

- Látbragð- eins og í útsvari- einn leikur og hinir við borðið giska- sýna þarf salnum hvaða orð er verið að leika.
- Stafaleikur úr lykilorði- sama orð hjá öllum – Borðið myndar eins mörg orð og hægt er úr stöfunum. Skrá á blað sem fer á vegg í samkeppni.
- Dans/massering-góð hreyfing fyrir allar dömur þingsins.
- Gefa 10 konum hlutverk t.d. „skálarinn“ sníkjarinn, hæla/hól, uppistandarinn, neikvæður-segja alltaf nei við öllu.
- Kenna dans - allir með.
- Spurningakeppni-pub quiz = lesa upp spurningar –öll borð fá eitt blað- finna heiti á borðið og skrifa efst- svara spurningunum- bannað að gúggla- Borðin skiptast svo á blöðum og fara yfir þegar spyrjandi les upp svörin. Spurningarnar gætu verið um DKG og fl.

#### **Vinnustöð 4 - Hugmyndabanki - 30 ára afmælið Delta á árinu.**

- 1. - 2. fundur á haustönn. Fá elstu félagskonurnar til að segja frá minnisstæðum atvikum úr kennslu. Halda fundinn á einhverjum af eftirfarandi stöðum: Reykholt, Húsafell, Bifröst, Borgarnes, Hótel Glymur.
- Láta gott af okkur leiða.
- Láta myndir ganga á milli.
- Auglýsa okkur.
- Dans, söngur og leikir.
- Fara til Færeyja um mánaðarmótin sept/okt. 2017. Ferðast og fræðast um menntamál í Færeyjum. Ásta á skólasystur í Færeyjum sem hugsanlega gæti aðstoðað okkur og Guðlaug túlkar!
- Heimsækja deild í öðrum landshluta um mánaðarmótin sept/okt 2017, t.d. lotadeild á Ísafirði. Fræðast um deildina og segja frá Deltadeild. Tíkusýning - Föt sem voru í tísku fyrir 30 árum.
- Myndasýningar.
- Taka saman annál um 30 ára sögu Deltadeildar. Ath. Jóhanna og Sigrún vorum með annál á 25 ára afmælinu.
- Þjóða fyrrum félögum á hátíðarfund.
- Skrá félagatal frá upphafi.
- Stofnendur með Orð til umhugsunar - Kristín?

#### **Hugmyndir fyrir næsta starfsár. (Aðeins einn hópur vann með þennan lið)**

- Bókakynningar - Segja frá sinni bók. Funda þá á bókasafni.
- Fá talmeinafræðing til að kynna bókina Lubbi finnur málbein - Þóra Másdóttir
- Heimsækja Helenu Guttormsdóttur lektor og námsbrautarstjóra Auðlinda- og umhverfisdeildar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.
- Minnt á að hafa markmið DKG ætíð í huga þegar við skipuleggjum starfið.

**Ljóð sem félagskonur sömdul á námskeiði hjá Ingu Stefánsdóttur á 5. fundi Delta - deildar sem haldinn var í Ensku húsunum helgina 31. mars - 1. apríl 2017**

Regnboginn, regnboginn, - regnbogafólk -  
 í hvíld, og samvinnu glaðar konur.  
 Gleðin er undir regnboganum!  
 Hamingjan er undir regnboganum!

Í okkur sjálfum

**Sigrún Jóhannesdóttir**

### **Hamingjan**

Við erum hér saman á sólardegi  
 og sumarið gægist örlítið inn -  
 já hamingjan á sér hundrað vegi  
 í hjarta mínu það glögglega finn -

**Sigrún Jóhannesdóttir**

### **Sveitasæla**

Í sveitasælu liggur vegurinn heim.  
 Að húsinu í dalnum.  
 Sumarhús friðar.  
 Frá einsemd til minnunga á Mýrum  
 þar sem Ensku húsin  
 tengja saman himinn og jörð.

**Jensína Valdimarsdóttir**

### **Óreiða**

Hún situr í brekkunni  
 titrandi eins og strá í vindi.  
 Blítt og létt  
 í margbreytninni  
 þar sem sólin mætir rigningunni  
 kemur í ljós litbrigði grassins  
 og gleðin í óreiðunni.

**Sóley Sigurþórsdóttir**

### **Vorið**

Á Mýrum náttúran vakir.  
Fuglarnir handan fljótsins.  
Í sveitinni minni er  
er náttúrunnar litaórói -  
í vorinu.

Handan fljótsins fuglarnir  
vekja náttúruna -  
og litaórói sveitarinnar  
er samur við sig - á Mýrum.

**Halldóra Jónsdóttir**

Vellíðan er góð  
Vináttan er góð  
Hláturinn er góður  
Kætin er góð  
Skapandi konur

Kátir krakkar  
Gleði í grasi  
Í rigningu ég syng  
Það er gaman saman.

**Elísabet Jóhannesdóttir**

Veturinn ljúfur og léttur  
skapar listilega milt litróf.  
Þegar þokan læðist inn  
finnum við friðinn  
sem leggst yfir vötnin.

Listin og friðsemdin í náttúrunni!  
Maður minn!  
Halelúja!

**Ásta Egils**

**Gleðin í núinu**

**Gleði**

Sólin í sveitinni



**Gleði**

Kvöld á pallinum

**Gleði**

Hamingja

**Gleði**

Fólkið

**Gleði**

Framtíðin

**Náttúrugleði**

**Guðlaug Sverrisdóttir**

**Ísland - Fjallið í náttúrunni**

Á kvöldi í kyrrð

úti á engi

gefa fjöllin blá

og hið smáa í náttúrunni

okkur nýjar minningar

og aðrar minningar.

Góðar minningar.

**Soffía Sigurjónsdóttir**